

9. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar fimmtudaginn 28. okt. 2010 kl.17:00 í grunnskólanum á Bakkafirði, er þetta fyrsti fundur nýrrar sveitarstjórnar sem haldinn er á Bakkafirði og verður stefnt á að gera það reglulega í framtíðinni.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Indriði Þóroddsson, Ævar Rafn Marinósson, Steinunn Leósdóttir, Reimar Sigurjónsson, Björn G. Björnsson, Ólöf Arnmundsdóttir og Gunnólfur Lárusson, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð á tölvu.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að fá að setja inn sem lið 14: Byggðarkvóti. Samþykkt samhljóða.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 21.10.2010
Lögð fram til kynningar.
2. Fundargerð atvinnu-, menningar- og ferðamálanefndar dags. 07.09.2010
Lög fram til samþykktar.
3. Fundargerð atvinnu-, menningar- og ferðamálanefndar dags. 19.10.2010
Björn Guðmundur kemur á fundin kl.17:17
Lögð fram til samþykktar.
4. Fundargerð vegna þróunarverkefnis Langanesbyggðar dags.15.10.2010
Lögð fram til kynningar.
5. Fundargerð Eyþings dags.13.09.2010
Lögð fram til kynningar.
6. Skýrsla sveitarstjóra.
Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.
7. Bréf frá aðstandendum Haustfagnaðar í Langanesbyggð dags. 27.09.2010
Sveitarstjóra falið að klára málið.
8. Bréf frá Dalhúss jarðeigendafélagi.
Í bréfi Dalhúsa er verið að kanna hug Langanesbyggðar um að selja hlut sinn í eyðibýlinu Nýjabæ í N- Múlasýslu.
Nokkur umræða var um málið og samþykkt var samhljóða að selja ekki að svo stöddu.
9. Bréf frá iðnaðarráðuneytinu dags. 18.10.2010
Í bréfinu er óskað eftir tilnefningu í vinnuhóp um leit og vinnslu jarðrænna auðlinda á hafsbotni á hafsvæðinu norður og austur af Íslandi í þeim tilgangi að geta boðið fram hafnaraðstöðu og þjónustu fyrir rannsóknarstarfsemi og vinnslu. Áhersla verður á olíuleit og væntanlegar vinnslu á Drekasvæðið en einnig verði hugað að þróun mála við Austur Grænland og opnun siglingaleiða um Íshafið. Í vinnuhópnum verða fulltrúar frá Langanesbyggð, Vopnafjarðarhreppi, fjármálaráðuneyti, utanríkisráðuneyti og iðnaðarráðuneyti.
Tilnefndir eru :
Gunnólfur Lárusson sem aðalmaður
Siggeir Stefánsson sem varamaður
Samþykkt samhljóða.
10. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 08.10.2010
Lagt fram til kynningar.
11. Bréf frá Brunabót dags. 12.10.2010
Lagt fram til kynningar.
12. Bréf frá Fless ehf. dags. 25.08.2010

Í bréfinu er verið óska eftir endurskoðun á sorphreinsunargjaldi og sorpeyðingargjaldi húsnæðis Fless ehf. í Langanesbyggð.

Samþykkt samhljóða að hafna erindinu.

13. Umsókn um húsaleigubætur.

Umsókn frá Birnu Sigurðardóttir um húsaleigubætur þar sem hún er í námi á Akureyri.

Erindinu er hafnað þar sem hún nýtur vaxtabóta en það girðir fyrir rétt til húsaleigubóta.

Samþykkt samhljóða.

14. Byggðarkvóti.

Finnbogi Vikar kom á fundinn og fór yfir úthlutun byggðarkvóta á Bakkafirði.

Sveitarstjóra falið að vinna áfram í málinu.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert, fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 18:47.